

# SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 5. tbl. 3. árg. maí 2007

## Leiðari forstjóra

### Mjólkurflutningar lækka

Stjórn Auðhumlu hefur ákveðið að lækka gjald fyrir mjólkurflutninga úr 2,25 krónum á lítra í 2,05 krónum frá og með 1. júní næstkomandi. Þessi lækking er hugsuð sem skref í þá átt að félagið yfirtaki alfarið kostnað vegna mjólkurflutninga fyrir félagsmenn eftir því sem efni og aðstæður leyfa á næstu árum.

Ástæðan fyrir þessari ákvörðun er m.a. að Auðhumla stefnir að því að losa um fasteignir félagsins í Reykjavík sem mun samhliða losa mikla fjármuni sem hægt verður að setja í virka ávöxtunarstýringu. Þessi umbreyting á efnahag félagsins þ.e. að losa um eignir og setja í virka ávöxtun getur skilað félaginu góðum arði sem stefnt er að því að koma áfram til eigenda þess í formi vaxtagreiðslna af stofnsjóði og útgreiddum arði á hvern líter innlagðar mjólkur.

Niðurgreiðsla á flutningskostnaðinum er því ekkert annað en útgreiðsla arðs. Hjá Mjólkursamsölnunni eru nokkrir framleiðendur sem eru ekki félagsmenn í Auðhumlu og munu þeir ekki njóta niðurgreiðslunnar eins og félagsmenn. Það verður þó gefinn góður aðlögunartími fyrir þessa aðila eða allt til loka þessa árs en þá munu þeir þurfa að greiða raunkostnað fyrir flutningana sem eru í kringum 2,60 kr/líter.

### Apríl – frábær sölumánuður

Eitt af meginmarkmiðum okkar við stofnun Mjólkursamsölnunnar var að tryggja hnökralausa yfirfærslu á sölu- og markaðsmálum félaganna til hins nýja félags. Það er því mjög gleðilegt að sjá þá öfluglu söluaukningu sem átt hefur sér stað undanfarna mánuði og skal öllu starfsfólki á sölu- og markaðssviði félagsins þakkað sérstaklega fyrir vel unnin störf á árinu.

Mikil og góð söluaukning hefur orðið á birgðavörum þ.e. viðbiti og osti. Sala á smjöri hefur aukist um 13,5% á þessu ári í samanburði við fyrra ár og sala á osti hefur aukist um 6% eða 64 tonn. Söluaukning í osti er drifin áfram af þægindavöru á borð við ost í sneiðum og rifinn ost en hvað smjörið varðar þá virðast aðrar ástæður liggja til grundvallar. Smjörið er nátturuleg afurð þannig að það þykir mun betra en hertar fitur sem innihalda óæskilegt magn transfitusýra. Þá hefur einnig aukist mjög notkun á smjöri í alls konar matseld enda finnur fólk mikinn gæðamun þegar gott smjör er notað á móti ódýrri jurtafitu.

Mikil söluaukning var í ferskum mjólkurvörum í apríl og nam sú aukning 4,5% m.v. sama mánuð í fyrra en rétt er að taka fram að í ár var einum söludegi fleira en í fyrra. Frá áramótum er söluaukningin 1,5% sem við erum mjög sátt við, en við höfum fengið töluverða samkeppni í afurðum á borð við kókómjólki og sýrdum rjóma. Öflug vörubrúun er að skila okkur vel en á fyrstu fjórum mánuðum ársins eru að koma fram á sjónarsviðið öflugar nýjar afurðir á borð við kókómjólki í flösku og LGG+ jógúrt.


### Skólahreysti

Osta- og smjörsalan var búin að gera samkomulag við Skólahreysti um að vera aðalbachjarl þessa skemmtilega verkefnis. Þarna fær mjólkuriðnaðurinn tæk á að láta vita af sér í tengslum við vinsæla keppni sem byggir á styrk og færni eldri grunnskólanema. Keppnin fór alls í 95 grunnskóla um land allt og úrslitakeppnin var haldin 26. apríl síðastliðinn í Laugardalshöll þar sem 10 grunnskólar kepptu til úrslita. Allar keppnirnar voru sýndar á Skjá 1 þar sem þetta efni fékk gott áhorf og okkar afurðir voru kynntar vel og vandlega. Það er samdóma álit allra sem að þessu verkefni hafa komið að það hafi gengið frábærlega vel og sé til eftirbreytni. Það er mikilvægt fyrir okkur að styrkja ímynd okkar með því að tengjast góðum verkefnum af þessu tagi þar sem hollusta og hreysti eru í fyrirrúmi.

Með bestu kveðju



Flutningsgjald á mjólk lækkar



Ný framleiðendahandbók



Vinningshafar, Lindaskóli

### Útgefandi MS



#### Ábyrgðarmaður:

Guðbrandur Sigurðsson

#### Ritstjóri:

Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

### Gott að muna:

Áriðandi er að fylgjast vel með kælingu mjólkurinnar þegar hitna fer í veðri. Þá fer að reyna meira á góða loftræstingu og virkni og ástand kælivéla

### Handbók mjólkurframleiðandans

Unnið hefur verið að gerð handbókar fyrir mjólkurframleiðendur Mjólkursamsölnnar. Eins og stendur í formála bókarinnar er það stefna stjórnar og Guðbrandar forstjóra að efla upplýsingar, viðhalda og auka tengsl milli þeirra sem vinna við mjólkurframleiðsluna frá byrjun til enda þ.e. frá býli til búðar.

Ein hugmyndin var gera handbók fyrir mjólkurframleiðendur sem væri gagnkvæmur þáttur í að efla samband mjólkurframleiðenda við starfsfólk og starfsemi eigin fyrirtækja, hafa á einum stað upplýsingar um þær gagnkvæmu vinnureglur sem þarf að vinna eftir, við mjólkurframleiðsluna í heild, hvaða þjónusta er í boði og starfsumhverfi.

Handbókin verður bráðlega send til allra mjólkurframleiðenda Mjólkursamsölnnar og til þeirra sem vinna með málefni þeirra í fyrirtækinu. Handbókin verður síðan sett á Bændavefinn.

### Smjörvi fæst nú í 10g umbúðum

Sala er hafin á Smjörva í 10 g umbúðum. Smjörvi er vinsælasta viðbítid á Íslandi og því löngu tímabært að bjóða upp á það í minnstu sölueiningunum. Nýlega var ný áfyllingar- og pökkunarvél tekin til notkunar hjá MS Selfossi sem framleiðir og pakkar 10 g smjörafurðum. Nú þegar eru á markaði smjör, L&L og L&L með ólífuoilu í 10 g umbúðum.



## Frábær sala á mjólkur- og ostavörum í apríl

Salan á mjólkur- og ostavörum í apríl var mjög góð.

Sala á viðbiti jókst í apríl um 11,8 tonn eða 12% í magni. Sala á ostum jókst um 31,3 tonn eða 9%. Sala á ostatertum jókst um 19% eða rúmt tonn í apríl. Heildarsala á mjólkurvörum jókst um 178 þús ltr eða 4,5%. LGG + jógúrtin sem kom á markað í apríl hefur fengið frábærar móttökur á markaðnum. Starfsfólk framleiðslu, sölu og dreifingar á hrós skilið fyrir góða byrjun í sölu á árinu 2007 og ekki síður neytendur fyrir að kunna að meta mjólkurvörur í sérflokki.

Og ekki má gleyma mjólkurframleiðendum MS sem leggja til úrvals hráefni.

**Veldu virkni**  
– veldu LGG+



## Skipulagi mjólkureftirlits breytt

Frá og með 1. maí sl. færðist mjólkureftirlitið undir Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og verður rekið í tengslum við Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins. Um leið verður reynt að samræma þjónustu við mjólkurframleiðendur á innleggsvæðum aðildarfélagi SAM eins og kostur er. Hvergi verður dregið úr þjónustu heldur verður hún frekar aukin, sér í lagi á svæðum MS Ísafirði og Mjólkursamlags KS.

Við mjólkureftirlitið starfa þrír vel menntaðir mjólkureftirlitsmenn:

Friðjón Ingi Jóhannsson (**gsm: 8614770, fridjonj@ms.is**) mun áfram sinna svæðum MS Reykjavík, MS Búðardal, MS Blönduósi og að auki svæðum MS Ísafirði og Mjólkursamlags KS.

Kristján Gunnarsson (**gsm: 892 0397, kristjang@ms.is**) mun áfram sinna svæði MS Akureyri og að auki MS Egilsstöðum.

Eiríkur Ingvarsson (**gsm: 861 4772, eirikuri@ms.is**) mun áfram sinna svæði MS Selfossi.

Þeir munu starfa náið saman. Á Friðjón bætast nú svæði MS Ísafirði og Mjólkursamlags KS en svæði MS Egilsstöðum og gamla MS Vopnafirði færast frá honum til Kristjáns. Þetta er gert til að svæði hvers mjólkureftirlitsmanns sé samliggjandi í einu heildarsvæði og vegalengdir lágmarkaðar innan svæða eins og kostur er.

Stjórnun mjólkureftirlitsins verður í höndum Jóns K. Baldurssonar (**s: 569 2220, jonkb@ms.is**).

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

MS september-apríl:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	79.133.847	71.679.761	7.454.086	10,40%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4,50%
Nýting greiðslumarks	68,22%	64,58%		

Landið janúar-apríl:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	<b>42.303.963</b>	<b>38.780.715</b>	<b>3.523.248</b>	<b>9,09%</b>

### Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
14	2.544.641	2.337.406	207.235	8,87%
15	2.525.025	2.355.400	169.625	7,20%
16	2.553.825	2.377.267	176.558	7,43%
17	2.580.843	2.420.774	160.069	6,61%
18	2.622.910	2.465.684	157.226	6,38%
Samtals:	<b>12.827.244</b>	<b>11.956.531</b>	<b>870.713</b>	<b>7,28%</b>